

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2016

Efni: Umsögn um þskj. 618, 420. mál á 145. löggjafarþingi – frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001

Með tölvupósti dags. 11. janúar sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn greiningardeildar Arion banka um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Frumvarp þetta felur í sér nokkuð viðamikla breytingu á umsvifum Seðlabanka Íslands. Félagi í eigu bankans falin umsýsla og sala eigna sem renna í ríkissjóð, sem stöðugleikaframlag slitabúa, annarra en eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Í frumvarpi þessu er tiltekið að ráðstöfun eigna skuli samrýmast markmiðum um efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika. Að mati greiningardeildar er skynsamlegasta ráðstöfun þess fjármagns sem rennur til ríkisins vegna stöðugleikaframlags slitabúanna lækkun ríkisskulda enda samræmist það ofangreindum markmiðum.

Í frumvarpinu er tilgreint að laust fé, þ.m.t. söluandvirði eigna, skuli varðveitt á sérstökum reikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Að mati greiningardeildar er æskilegt að þeir reikningar sem varsla laust fé er fæst fyrir sölu stöðugleikaframlaga verði aðskildir öðrum viðskiptareikningum ríkissjóðs, t.d. í framsetningu á efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands. Það væri í anda þeirrar áherslu sem lögð er á gagnsæi og mætti mæla fyrir um það í frumvarpi þessu.

Greiningardeild telur að frumvarpið ætti að mæla fyrir um reglubundna opinbera upplýsingagjöf um það hvernig til hafi tekist að ráðstafa verðmætunum í samræmi við markmið um efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd greiningardeildar Arion banka



Stefan Broddi Guðjónsson,
forstöðumaður.